



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Vatnatilskipunin og sveitarfélögin

Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræðisviðs

Sambands íslenskra sveitarfélaga



Markmið tilskipunarinnar

- Draga úr álagi á vatnasvæði, þróun verði sjálfbær
- Auka umhverfisgæði og vernda náttúruna
- Minnka hættu á mengun
- Minnka áhrif flóða og þurrka
- Vernda votlendi og lífríki
- Auka samvinnu milli héraða og ríkja um stjórn vatnasvæða
- **Eru þessi atriði vandamál á Íslandi?**
- **Samræmast þessi markmið EES-samningnum?**

Hver verður kostnaður sveitarfélaga?



- Kostnaður sveitarfélaga hefur ekki verið metinn
 - háar tölur hafa heyrst
 - niðurstaðan veltur á framkvæmd
 - miklar upplýsingar liggja þegar fyrir
 - stofnanir ríkis og sveitarfélaga hafa víðtækar skyldur á sviði vatnamála
 - þarf að vakta öll vötn eða fyrst og fremst álagssvæði, t.d. næst þéttbýli?
- **Öll vöktun verður á hendi ríkisins**

Aðkoma sveitarfélaga að innleiðingu



- Sveitarfélögin eru reiðubúin að koma að frumvarpsgerð en gera fyrirvara um að skyldur og kostnaður verði ekki íþyngjandi fyrir sveitarfélögin
- Mikilvægt að nýta þær upplýsingar sem til eru um ástand vatna í stað þess að leggja í nýjar rannsóknir á ástandi vatna.



Svigrúm við innleiðingu

- Sjálfsagt er að nýta allt svigrúm til að draga úr mögulegum kostnaði af innleiðingu og framkvæmd tilskipunarinnar, t.d.:
- Grein 4-5: “Aðildarríkin geta stefnt að því að ná umhverfismarkmiðum sem ganga skemur en krafist er í 1. mgr. 5. gr., m.a. þegar náttúruleg skilyrði eru þannig að ógerlegt er eða óhóflega dýrt að ná þeim markmiðum.”
- Fleiri undantekningar í gr. 4-6, 4-7 og 11-5 í tilsk.

Er þörf fyrir aukna vöktun vatnasvæða?



- Má e.t.v. ganga út frá því að ástand vatna sé almennt ásættanlegt hér á landi?
- Náttúrulegar ástæður mjög sérstakar hér á landi, t.d. mikill fjöldi jökuláa.
 - Meginreglan um “No problem, no action”
- Hvar er álagið mest?
 - Næst þéttbýli
 - Við frístundabyggðir
 - Nærri mengandi iðnaði



Hver er reynsla annarra þjóða?

- Mikilvægt er að líta til reynslu eyríkja
 - hvernig hafa t.d. Skotar og Írar innleitt tilskipunina?
- EFTA-ríkin síðust að innleiða
 - frestur til ársloka 2009, mikilvægt að nýta tímann vel og læra m.a. af Norðmönnum

Fjöldi vatnasvæða á Íslandi



- Er eitt vatnasvæði nóg?
 - Líklega hentar það íslenskum aðstæðum en hver verður aðkoma sveitarfélaga?
- Hver á að bera ábyrgð á ástandi strandsvæða?
 - Skilgreind sem 1 sjómíla frá næsta punkti grunnlínu landhelginnar “og teygir sig, þar sem við á, að ytri mörkum árósavatns”, sbr. 2. gr. tilsk.
 - Lögsaga sveitarfélaga nær aðeins 115 metra á haf út, frá stórstraumsfjöruborði!

Ný lög um fráveitur væntanleg



- M.a. markmið að taka á fráveitumálum í frístundabyggðum
- Nýmæli um gjaldtöku vegna atvinnurekstrar, heimilt að mæla vatnsnotkun
 - Samræmist vel markmiðum rammatilskipunarinnar.
- **Vantar áframhaldandi stuðning ríkisins við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga.**